



Heildarstefna Akraneskaupstaðar

- Lokaskýrsla stýrihóps -

18.jan.2024
Málsnr. 2206-134

1 Inngangur

Stýrihópur um stefnumótun Akraneskaupstaðar var skipaður samkvæmt erindisbréfi sem staðfest var þann 11. október 2022 í bæjarstjórn Akraness og var fyrsti fundur hópsins haldinn þann 9. nóvember 2022. Helsta viðfangsefni stýrihópsins var að móta metnaðarfulla stefnu fyrir sveitarfélagið með aðstoð ráðgjafafyrirtækis. Vinnan fól í sér að kortleggja núverandi stöðu, áskoranir og tækifæri ásamt því að móta skýra stefnu og markmið. Nánari útlitun og skipan má sjá í erindisbréfi stýrihópsins.¹

Heilt yfir var samvinna mjög góð innan hópsins, verkefnum var skipt vel á milli einstaklinga og sáu sér allir fært að leggja sitt af mörkum til að skila góðri afurð.

Í upphafi vinnunnar var samið við KPMG til þess að aðstoða við gerð stefnunnar. Að borði komu þau Sævar Kristinsson og Helena Ólafsdóttir ráðgjafar KPMG. Samvinnan gekk mjög vel og var þeirra ráðgjöf mjög góð og verðmæt fyrir þessa stefnumótun.²

Stýrihópurinn hélt 13 fundi, bæði með ráðgjöfum og án þeirra þar sem unnið var með stefnumörkunina og sett upp verkefnaáætlun. Lokaskil stýrihóps eru áætluð í bæjarstjórn í febrúar 2024.

2 Upplýsingaöflun, þarfagreining og samþykktarferli

Stýrihópurinn fór í margskonar upplýsingaöflun og þarfagreiningu fyrir verkefnið. Byrjað var á að safna saman gögnum sem þegar voru til og varða verkefnið, ásamt því að framkvæmdar voru rafrænar kannanir meðal íbúa og starfsmanna Akraneskaupstaðar. Einnig var ákveðið að taka dýpri samtöl við ýmsa hagaðila. Í þessum kafla er einnig farið yfir ferðalag stefnunnar og fylgigagna inn í ráð og nefndir hjá sveitarfélaginu, sem endar svo á afgreiðslu bæjarstjórnar sem er áætluð í febrúar 2024.

2.1 Fyrirliggjandi gögn

- Íbúakönnun framkvæmd af Gallup frá 2019 – Markmiðið er að kanna hver staða íbúanna er á vinnumarkaði, mat þeirra á búsetuskilyrðum, framtíðarvæntingar og almenn líðan – allt til að geta gert gott samfélag enn betra.

¹ Fylgiskjal 1, erindisbréf stýrihópsins.

² Fylgiskjal 2, kostnaðaryfirlit verkefnisins og lokaskýrsla.



- Gallup rannsókn fyrir Akraneskaupstað: Nám og vinna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdartími rannsóknar frá 22. júní -9. júlí 2020.
- Lýðheilsuvísar 2023 frá Embætti landlæknis – Akraneskaupstaður.
- Barna- og ungmennabæing
- Bæjarstjórn unga fólksins
- Ímyndarskýrsla SSV 2023
- Málefнасamningur Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks Akranesi, 2022-2026.
- Aðrar stefnur Akraneskaupstaðar sem eru birtar á heimasíðunni (www.akranes.is).
- Ýmis gögn Akraneskaupstaðar og upplýsingar um verkefni sem unnin hafa verið hjá sveitarfélaginu sem tengjast Heilsueflandi samfélagi, en árið 2019 skuldbatt sveitarfélagið sig til að innleiða markmið Heilsueflandi samfélags.
- Efni frá hugmyndasamkeppni um Langasandssvæðið árið 2021.
- Efni frá „Okkar Akranes“ varðandi hugmyndasöfnunarverkefnið þar á vegum skipulags- og umhverfissviðs, varðandi opin svæði á Akranesi.

2.2 Íbúar á Akranesi

- **Gerð var rafræn könnun meðal íbúa á Akranesi og var hún opin á tímabilinu 15.-22. febrúar 2023.** Niðurstöður könnunarinnar eru vistaðar í málakerfi sveitarfélagsins undir máli 2206-134.

2.3 Fyrirtæki á Akranesi

- **Í janúar 2023 tóku aðilar frá KPMG viðtöl við valda aðila hjá fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum á Akranesi.** Helstu niðurstöður og lærdómur úr þeim viðtölum eru vistaðar í málakerfi sveitarfélagsins undir máli 2206-134. Alls voru 12 aðilar sem komu í viðtal af þeim 15 sem haft var samband við.

2.4 Starfsmenn og stjórnendur hjá Akraneskaupstað

- **Gerð var rafræn könnun meðal starfsmanna Akraneskaupstaðar og var hún opin á tímabilinu 2.-13. mars 2023.** Niðurstöður könnunarinnar eru vistaðar í málakerfi sveitarfélagsins undir máli 2206-134.
- **Á forstöðumannafundi Akraneskaupstaðar 6. september 2023** var stefnan kynnt, þ.e. framtíðarsýnin, meginstoðirnar, markmiðin og verkefni, ásamt innleiðingarátætlun. Bæjarstjóri, embættismenn og verkefnisstjóri sem hafa tekið þátt í vinnunni fylgdu þessu máli eftir á þeim fundi. Opnað var á umræður meðal forstöðumanna um stefnuna og tekið á móti ábendingum, ásamt því að benda á að hægt var að senda inn ábendingar eða athugasemdir eftir á sem og að fá sent efni til betri yfirferðar. Athugasemdir og ábendingar fóru í vinnslu hjá stýrihóp. Rödd forstöðumanna og eignarhald í innleiðinguna er afar mikilvæg. Forstöðumenn kölluðu eftir frekara samtali og samvinnu með starfsmönnum.
- **Opinn kynningar- og samvinnufundur með starfsmönnum, bæjarfulltrúum og stjórnendum þann 15. nóvember 2023.** Eftir ákall forstöðumanna og annarra stjórnenda var ákveðið að halda starfsmannafund þar sem unnið yrði með stefnuna. Öllum starfsmönnum var boðið að mæta, sem og bæjarfulltrúum og aðilum í menningar- og safnanefnd. Fundurinn var ólaunaður. Unnið var fyrst



og fremst með aðgerðaáætlunina, þ.e. verkefni sem þarf að ráðast í til að ná markmiðum stefnunnar ásamt forgangsröðun þeirra verkefna. Gerð var stutt samantekt um vinnu sem fór fram á fundinum og helstu niðurstöður hennar.³

2.5 Bæjarstjórn, ráð og nefndir Akraneskaupstaðar

- **15. júní 2023 - Bæjarráðsfundur:** Stefnan ásamt innleiðingaráætlun var lögð fyrir bæjarráð til samþykktar. Formaður stýrihópsins og verkefnastjóri fylgdu stefnunni eftir á fundinum og fóru yfir helstu atriði stefnunnar og innleiðingaráætlun. Bæjarráð samþykkti innleiðingaráætlun verkefnisins og vísaði stefnunni ásamt fylgigögnum til umsagnar fagráða og nefnda sem og sviðsstjóra og forstöðumanna stofnana Akraneskaupstaðar.
- **3. júlí 2023 – Bæjarstjórn vinnufundur:** Formaður stýrihóps var með stutta kynningu á stefnunni, aðgerðaáætluninni og öðru efni, ásamt því að fara yfir næstu skref í vinnunni.
- **3. júlí 2023 – Skipulags- og umhverfisráðsfundur:** Stefna og innleiðingaráætlun kynnt. Verkefnastjóri kynnir.
- **4. júlí 2023 – Velferðar- og mannréttindaráðsfundur:** Stefna og innleiðingaráætlun kynnt. Verkefnastjóri kynnir.
- **4. júlí 2023 – Skóla- og frístundaráðsfundur:** Stefna og innleiðingaráætlun kynnt. Verkefnastjóri kynnir.
- **26. október 2023 – Bæjarráðsfundur:** Uppfærð innleiðingaráætlun lögð fram til upplýsinga. Nauðsynlegt var að uppfæra áætlunina vegna óska forstöðumanna og annarra, um meiri aðkomu starfsfólks og bæjarfulltrúa að gerð stefnunnar og aðgerðaáætlunar.
- **9. janúar 2024 – Bæjarstjórn vinnufundur:** Bæjarstjórn tók heildarstefnuna fyrir. Ákveðið var að stefnan færi aftur fyrir öll ráð í janúar 2024 til kynningar og svo aftur til bæjarstjórnar til afgreiðslu að því loknu. Samþykki bæjarstjórn stefnuna mun stefnan strax taka gildi.
- **11. janúar 2024 – Bæjarráðsfundur:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til samþykktar og lokarýni. Verkefnastjóri kynnir. Bæjarráð samþykkir heildarstefnuna og að stefnan, að loknum prófarkarlestri, fari til málsmeðferðar hjá fagráðum og nefndum Akraneskaupstaðar og svo til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.
- **15. janúar 2024 – Skipulags- og umhverfisráðsfundur:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og lokarýni. Verkefnastjóri kynnir.
- **16. janúar 2024 – Velferðar- og mannréttindaráðsfundur:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og lokarýni. Verkefnastjóri kynnir.
- **17. janúar 2024 – Skóla- og frístundaráðsfundur:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og lokarýni. Verkefnastjóri kynnir.

³ Sjá fylgiskjal 3: Samantekt og helstu niðurstöður frá starfsmannafundi 15.nóv.2023



- **22. janúar 2024 – Menningar- og safnanefnd:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og rýni á fundi nefndarinnar. Verkefnastjóri kynnir.
- **Janúar 2024 – Ungmennaráð:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og rýni.
- **Febrúar 2024 – Notendaráð:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og rýni. Verkefnastjóri kynnir.
- **Febrúar 2024 – Öldungaráð:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og rýni. Fulltrúi í stýrihóp kynnir.
- **13. febrúar 2024 – Bæjarstjórnarfundur:** Heildarstefna Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og rýni. Formaður stýrihóps kynnir. (*Áætluð dagsetning*)

3 Innleiðing stefnu

Stefna á ekki að vera skúffudjásn, heldur þarf að tryggja að innleiðing hennar takist vel, hún sé notuð við forgangsröðun verkefna, notuð sem yfirstefna í stefnumótun annarra málaflokka og allir taki eignarhald á henni með því að skilgreina verkefni og fylgja þeim eftir.

Heildarstefna Akraneskaupstaðar er væntanleg til afgreiðslu í bæjarstjórn í febrúar 2024. Verði stefnan samþykkt mun hún taka gildi strax eftir afgreiðslu bæjarstjórnar. Eftirfarandi er lýsing á helstu verkþáttum sem framundan eru í innleiðingu stefnunnar, í tímaröð, en vinna er þegar hafin við fyrstu verkþættina.

- **Hlutverk verkefnastjóra heildarstefnu.** Verkefnastjóri fær það hlutverk að halda utan um vinnu með stefnuna og innleiðingu hennar.
- **Hlutverk fagráða.** Vinna þarf þétt með fagráðunum eftir samþykkt stefnunnar að nánara verklagi/fyrirkomulagi í tengslum við yfirsýn og ákvarðanir ráða, tengdar stefnuverkefnum og til að miðla til ráðsmanna hvernig gengur að ná markmiðum stefnunnar. Áherslan verði á að ráðin komi að forgangsröðun stefnuverkefna. Fyrsta samtal um hlutverk fagráða hefur verið tekið á fundum ráðanna en framundan strax í byrjun árs 2024 er ferkari vinna.
- **Stefnuverkefnalisti.** Búið er að setja upp drög að verkefnalista í Sharepoint sem sýnir helstu stefnuverkefni sem eru í vinnslu eða er fyrirséð að fari í vinnslu á árinu 2024. Ljóst er að mörg verkefni sem nú er unnið að falla mjög vel að stefnunni og markmiðum hennar. Stefnuverkefnalistiinn verður kynntur betur í fagráðum Akraneskaupstaðar eftir samþykkt stefnunnar og verður unnið með ráðunum að þróun verklags og framsetningu upplýsinga um stefnuverkefnin til að tryggja yfirsýn yfir framgang þeirra og viðeigandi þátttöku ráða t.d. er viðkemur forgangsröðun stefnuverkefna.
- **Mælikvarðar.** Í upphafi árs 2024 verður sett af stað vinna við að skilgreina mælikvarða fyrir markmið sem skilgreind eru með stefnunni. Tilgangur mælikvarða er að segja til um hvernig gengur að ná markmiðum stefnunnar. Tillögur að mælikvörðum verða kynntar og til umfjöllunar í fagráðunum. Skoðað verður hvort nauðsynlegt sé einnig að taka vinnufund með bæjarfulltrúum til að vinna mælikvarðana betur.
- **Hlutverk bæjarstjórnar.** Skilgreina þarf hvernig bæjarstjórn þarf og vill koma að innleiðingu á stefnunni sem og t.d. eftirliti með framgangi mála. Til greina gæti komið að halda vinnufundi eða fá reglulega formlegt yfirlit yfir stefnuverkefni og gengi þeirra til upplýsinga inn á



bæjarstjórnarfundu. Áætlað er að greina hlutverk bæjarstjórnar m.a. með bæjarfulltrúum fyrirhluta árs 2024.

- **Stefnuverkefni í fjárhagsáætlunarvinnu.** Í fjárhagsáætlunarvinnu hvers árs þarf að vera ljóst hvaða stefnuverkefni á að ráðast í á næsta ári, og áætla einnig næstu tvö ár á eftir eins og hægt er, til að gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að fjárhagsáætlun endurspegli áherslur í heildarstefnunni og stefnuverkefni sem ráðin setja í forgang. Fjárhagsáætlun hvers árs ræður mestu um hvaða verkefni fá framgang, því þau verkefni sem fá fjármagn í áætlun er búið að ákveða að ráðast í eða halda áfram með. Fjárhagsáætlunarvinna hefst í ágúst ár hvert, en fjármálastjóri sendir árlega út tíma- og verkáætlun fyrir fjárhagsáætlunargerð.
 - **Verkefnisáætlun.** Mikilvægt er að undirbúa verkefni vel og útbúa verkefnisáætlun áður en verkefni hefjast þar sem fram koma upplýsingar eins og markmið verkefnis, tímaáætlun, kostnaðaráætlun, hverjir hafa hlutverki að gegna í verkefninu og hvenær verkefni lýkur. Fylgst verður með, m.a. inni í fagráðunum, framgangi verkefna sem ákveðið er að ráðast í, t.d. hvort verkefni sé á tíma og hvort það er komið yfir í kostnaði. Verkefnisáætlun er líka mjög mikilvægt gagn inn í fjárhagsáætlunarvinnuna.
- **Mælaborð.** Skoðað verður hvernig mælaborð gæti hentað að setja upp sem tekur saman stöðu stefnuverkefna og veitir góða yfirsýn. Mælaborð gætu t.d. nýst fagráðunum og jafnvel væri hægt að skoða birtingu sérstaks mælaborðs á www.akranes.is. Þetta má skoða þegar stefnuverkefnalisti er nokkurnveginn fullmótaður, en hægt er að vinna mælaborð beint ofan á listann t.d. í Power BI.
- **Hugúnaður.** Til skoðunar er að kaupa sérstakan hugbúnað sem gerir utanumhald um stefnur auðveldara og gefur góða yfirsýn yfir hvernig gengur að innleiða stefnur og ná settum markmiðum. Verður skoðað í fjárhagsáætlunarvinnu 2024.

Innleiðing mun taka tíma og mikilvægt er að stjórnendur og bæjarfulltrúar styði vel við það verkefni á þessari vegferð.

3.1 Önnur mikilvæg atriði:

- Útbúa kynningarpakka um stefnuna, myndbönd og fallega hönnun þannig að hún sé skýrlega framsett og aðgengileg fyrir öll.
 - Leitað var til þriggja auglýsingastofa og hönnuða og var Sahara með hagstæðasta tilboðið sem stýrihópur samþykkti að ganga að. Markmiðið var að hanna efni til að nýta á samfélagsmiðlum, í glærुकynningum og á heimasíðu. Sahara auglýsingastofa hefur útbúið útlit fyrir glærur og samfélagsmiðlaefni í forritinu Canva vegna heildarstefnunnar og skilaði af sér í janúar 2024. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að setja meira fjármagn í hönnun og gerð frekara kynningarefnis að svo stöddu.
- Samhliða fjárhagsáætlunargerð 2024-2027 skal hafa stefnuna í forgrunni þeirrar vinnu.
- Stýrihópurinn mun leggja til aðgerðaáætlun sem tekur tillit til endurskoðunar stefnunnar árlega samhliða fjárhagsáætlun.
- Stýrihópurinn leggur til að skipurit Akraneskaupstaðar verði tekið upp en vaknað hafa nokkrar vangaveltur í stefnumótuninni og er mögulega tækifæri núna til að skerpa á ákveðnum atriðum og gera stefnumarkandi breytingar.



Fylgiskjal 1: Erindisbréf stýrihóps um Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópur um stefnumótun Akraneskaupstaðar er tilnefndur af bæjarráði. Hlutverk stýrihóps er að hafa yfirumsjón með stefnumótunarvinnu í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki. Afurð verkefnisins er yfirstefna og forgangsröðuð aðgerðaáætlun fyrir Akraneskaupstað sem aðrar undirstefnur kaupstaðarins munu síðan byggja á.

Vinnuheiti verkefnisins er *Stefnumótun Akraneskaupstaðar*.

Aðferðafræði:

Markmið með stefnumótun fyrir Akraneskaupstað er að móta yfirstefnu til næstu ára, horfa m.a. til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, fjárhagslegra markmiða kaupstaðarins og setja fram metnaðarfulla sýn um árangur og aukna þjónustu til framtíðar. Vinnan felur í sér að draga fram lykiláskoranir og tækifæri, móta skýra stefnu og markmið og forgangsráða aðgerðaáætlun til að hrinda stefnu í framkvæmd. Leitað verður eftir viðhorfum og byggt á sjónarmiðum íbúa og annarra hagaðila bæjarins við mótun stefnunnar.

Gert verður samkomulag við ráðgjafafyrirtæki að leiða stefnumótunarvinnuna í samráði við stýrihóp.

Þegar tillaga að stefnu liggur fyrir verður hún lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar. Bæjarstjórn ber ábyrgð á stefnunni og innleiðingu hennar.

Helstu verkefni:

Meginverkefni stýrihópsins verða eftirfarandi:

- *Yfirumsjón með vinnu við mótun stefnu fyrir Akraneskaupstað í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki.*
- *Reglubundnir fundir með verkefnateymi, það er verkefnastjóra Akraneskaupstaðar og ráðgjafafyrirtækis um áherslur og nálgun, fjalla um álitamál og styðja við ferlið.*
- *Aðstoð og þátttaka við að fá fram álit íbúa og annarra hagaðila tengt stefnumótuninni.*
- *Að leggja fram tillögu til bæjarráðs og bæjarstjórnar um fullgerða stefnu fyrir Akraneskaupstað ásamt forgangsráðaðri aðgerðaáætlun til að hrinda stefnu í framkvæmd.*
- *Annað sem kann að skipta máli.*

Verklag:

Verkefnastjóri stýrihópsins sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála. Stýrihópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum Stýrihópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar í bæjarráði.

Laun stýrihópsins greiðast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknunir fyrir nefndarstörf.

Ráðgjöf:

Gerður verður samningur við ráðgjafafyrirtæki um að leiða stefnumótunarvinnuna í samvinnu við stýrihóp. Að auki getur stýrihópur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni.



Starfstími og skil.

Stýrihópurinn skal leggja fyrir tillögur um heildarstefnu Akraneskaupstaðar og forgangsraðaða aðgerðaáætlun eigi síðar en 30. apríl 2023.

Fulltrúar í stýrihópnum:

Bæjarráð skipar eftirtalda aðila í stýrihópinn:

- Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar. Gegnir formennsku stýrihóps.
- Líf Lárusdóttir fulltrúi bæjarstjórnar.
- Valgarður L. Jónsson, fulltrúi bæjarstjórnar.
- Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.
- Valdís Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri.
- Sveinborg L. Kristjánsdóttir, fulltrúi frá velferðar- og mannréttindasviði.
- Dagný Hauksdóttir, fulltrúi frá mennta- og menningarsviði.
- Sigurður Páll Harðarson, fulltrúi frá skipulags- og umhverfissviði.
- Steinar Adólfsson, fulltrúi frá fjármála- og þjónustusviði.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 6. október 2022

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 11. október 2022

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þránínsson

bæjarstjóri



Fylgiskjal 2: Kostnaðaryfirlit

Bæjarráð samþykkti eftirfarandi tillögu þann 6.10.2022: "Lagt er til að samþykktur verði kostnaður við aðstoð KPMG í mótun heildarstefnu fyrir Akraneskaupstað að hámarki 2.000.000 kr., auk vsk., fyrir árið 2022.

Kostnaður við stefnumótun á árinu 2023 verður að hámarki 4,5 m.kr. auk vsk. og inni í því verði kostnaður vegna aðstoðar KPMG og kostnaður við fundi með hagsmunaaðilum og kostnaður við kynningu á heildarstefnunni. Gert verður ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun 2023. Áætlað er að stýrihópur skili af sér verkefninu 15.03.2023."

Á árinu 2022 var kostnaður við verkefnið innan áætlunar, sjá töflu fyrir neðan. Kostnaður án vsk. nam alls 1.835.028 kr. en áætlun var upp á 2 m.kr. sbr. ofangreinda bókun.

Árið 2022

Dags. reiknings	Upphæð án vsk	Skýring
30.11.2022	815.288	KPMG
31.12.2022	1.019.740	KPMG
Alls	1.835.028	

Kostnaður við verkefnið á árinu 2023, vegna vinnu ráðgjafa, er kominn fram yfir áætlun í október þegar þetta er skrifað, um tæpar 500 þús. kr., sjá töflu hér fyrir neðan. Enn á eftir að greiða fyrir gerð kynningarefnis sem áætlað er að kostnaður vegna nemi tæpri 1 m.kr. (ef myndbandagerð er sleppt í bili). Samkvæmt tilboði frá Sahara sem var hagstæðast. Auk þess liggur fyrir að kostnaður verður einhver við opinn starfsmannafund 15.nóv.2023.

Árið 2023

Bókunardags.	Númer fylgiskjals	Lýsing	VSK-upphæð	Debet
30.6.2023	R52308738	KPMG ehf. vegna stefnumótunar	40.704	169.598
31.5.2023	R52307682	KPMG ehf. v/stefnumótunar	102.753	428.136
30.4.2023	R52305948	KPMG ehf. Vinna við stefnumótun,apríl,	172.015	716.730
31.3.2023	R52304290	KPMG ehf. vegna stefnumótunar	293.615	1.223.398
28.2.2023	R52302959	KPMG ehf. vegna stefnumótunar	174.314	726.310
31.1.2023	R52301518	KPMG ehf. Undirbúningur fyrir stefnumótun	32.712	136.298
31.1.2023	R52301398	KPMG ehf.vegna stefnumótunar	374.814	1.561.723
Alls kostnaður 2023 án vsk			4.962.193	

Áætlun
Mismunur

4.500.000 auk vsk.
462.193 Yfir áætlun



Fylgiskjal 3: Samantekt og helstu niðurstöður frá starfsmannafundi 15.nóv.2023

Inngangur

Opinn starfsmannafundur um heildarstefnu Akraneskaupstaðar var haldinn 15. nóvember 2023 á Garðavöllum. Fundurinn var frá kl. 17:00-19:00 og var ólaunaður. Stýrihópur stefnumótunarverkefnisins ákvað að halda fundinn eftir ábendingar frá stjórnendum sveitarfélagsins að það vantaði meiri aðkomu starfsmanna að gerð stefnunnar. Það voru 41 sem ætluðu að mæta á fundinn, skráðu sig, en það mættu 29 af þeim. Send voru boð á öll netföng sem fundust fyrir starfsmenn hjá Akraneskaupstað, eða til yfir 600 starfsmanna.

Efni fundarins

Fundurinn hófst á því að Valdís Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri setti fund og fór yfir dagskrána fram undan. Líf Lárusdóttir, bæjarfulltrúi og meðlimur í stýrihóp verkefnisins, fór því næst yfir lokadrög heildarstefnunnar, stefnuáherslurnar og markmiðin, ásamt því að reifa vinnu stýrihópsins frá því hann var settur á laggirnar. Stefnt er að því að skila tillögu að heildarstefnu og aðgerðaáætlun fyrir til bæjarstjórnar á fund þann 12.des.2023. Verði stefnan samþykkt tekur hún gildi frá og með 1.jan.2024.

Næst tók vinna starfsmanna við en búið var að skipta þeim sem mættu í 5 hópa, einn fyrir hverja stefnuáherslu. Vinna starfsmanna á fundinum gekk út á að skrifa niður hugmyndir að aðgerðum/verkefnum til að ná markmiðum stefnuáherslanna fimm. Hugmyndir voru ritaðar á post-it miða. Það má sjá lista yfir efni allra post-it miðana í fylgiskjali 1.

Að hópavinnu lokinni fengu þátttakendur 14 punkta hver (rauða límmiða) til að líma á post-it miða með verkefnum sem þeim fannst mikilvægust. Það mátti setja marga punkta á eitt verkefni. Þar sem ekki var tími til að fara yfir helstu niðurstöður einkunnagjafarinnar á fundinum var ákveðið að hópurinn fengi samantekt með helstu niðurstöðum senda í tölvupósti fljótlega eftir fund.

Í lokin þakkaði Haraldur Benediktsson bæjarstjóri öllum fyrir komuna og þeirra framlag í þessa mikilvægu vinnu.

Stýrihópur um heildarstefnu Akraneskaupstaðar fundar næst þann 23.nóv.2023 og verður farið yfir helstu niðurstöður frá þessum starfsmannafundi og metið hvort og þá hvaða breytingar eða viðbætur á að gera við núverandi efni og framsetningu stefnunnar.



Helstu niðurstöður

Hér fyrir neðan sést hve mörg verkefni voru skráð undir hverja stefnuáherslu og hversu marga punkta þessi verkefni fengu. Eins og sést var dreifingin nokkuð jöfn, bæði á fjölda verkefna og fjölda punkta undir hverri stefnuáherslu. Verkefnin undir áherslunni umhverfissátt fengu flesta punkta, og Stefnuáherslan Auðgandi mannlíf og menning fékk fæstu punktana eða 46 talsins.

Stefnuáhersla	Fjöldi punkta	Verkefni / Aðgerðir
Auðgandi mannlíf og menning	46	32
Farsælt samfélag	64	35
Fjölbreytt atvinnulíf	57	31
Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	61	41
Umhverfissátt	71	42
Samtals	299	181

Verkefnin með flesta punkta má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Stefnuáhersla	Verkefni / Aðgerðir	Fjöldi punkta
Auðgandi mannlíf og menning	Kynningarfulltrúi Akraness	12
Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Löggæsla allan sólarhringinn	11
Fjölbreytt atvinnulíf	Halda áfram með uppbyggingu/hugmyndir á Jaðarsbökkum/Langasandi	9
Farsælt samfélag	Nýtum peningana fyrir þá sem þurfa. Ekki vera að niðurgreiða fyrir þá sem þurfa þess ekki fjárhagslega	8
Umhverfissátt	Metnaðarfullur og flottur leikvöllur (fyrir öll börn)	8
Farsælt samfélag	Áramhaldandi uppbygging farsældar barna-fullorðinna	7
Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Styrkja innviði og samstarf stofnanna	7
Umhverfissátt	Bæta aðgengi að stígum og tengingu stíga	7
Farsælt samfélag	Huga að íþróttabáttöku fyrir börn af erlendum uppruna	6
Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Segja frá því sem er búið að gera. Koma því frá sér á áhugaverðan hátt	6
Umhverfissátt	Verja græn svæði og gera aðlaðandi til útiivistar	6
Farsælt samfélag	Samvinna við íþróttafélögin í 1.-2. bekk	5
Farsælt samfélag	Opna og hvetja fullorðna innflytjendur til þátttöku í íþróttastarfi	5
Fjölbreytt atvinnulíf	Íþrótt- og æfingabúða bær	5
Fjölbreytt atvinnulíf	Jákvæðari umræða og viðhorf okkar sjálfra	5
Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Þjónusta og fjármagn fari betur saman	5
Umhverfissátt	Fjölga starfsfólki á umhverfissviði í útideildinni	5

Reynt var að flokka verkefnin saman eftir eðli þeirra til að átta sig betur á helstu áherslum og þeim. Eftirfarandi verkefnaflokkar voru notaðir:

- Akranes í forystu farsældar
- Áhrif á samfélagið
- Ásýnd bæjarins
- Fjölga atvinnutækifærum fyrir t.d. fatlaða, yngra fólk, innflytjendur
- Fjölga viðburðum
- Fræðsla
- Íbúasamráð
- Samvinna við utanaðkomandi aðila
- Skilvirkni og hagræðing
- Styðja við aukna þjónustu
- Styrkja mannauðsmál og Akraneskaupstað sem vinnustað
- Umhverfisvernd og loftslagsmál
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Aðgengi



- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Almennt
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Búnaðarkaup
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Finna aðstöðu
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Jaðarsbakkar
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Leiksvæði
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Lýsing
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Mannvirki
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Miðbær
- Uppbygging aðstöðu eða innviða – Sorplausnir
- Utanumhald og miðlun upplýsinga

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig punktarnir dreifðust milli þessara verkefnaflokka og stefnuáherslna. Stigahæstu þrjú flokkarnir í hverri stefnuáherslu eru litaðir bleikir í töflunni.

Verkefnaflokkar	Stefnuáherslur					Samtals
	Auðgandi mannlíf og menning	Farsælt samfélag	Fjölbreytt atvinnulíf	Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Umhverfissátt	
Akranes í forystu farsældar	3	19	4			26
Áhrif á samfélagið		0	0		4	4
Ásýnd bæjarins					17	17
Fjölga atvinnutækifærum fyrir t.d. fatlaða, yngra fólk, innflytjendur		3	3	2		8
Fjölga viðburðum	9		7		1	17
Fræðsla		1	6	4	2	13
Íbúasamráð				0		0
Samvinna við utanaðkomandi aðila	0	18				18
Skilvirkni og hagræðing		10		18		28
Styðja við aukna þjónustu	9	0	14	11	2	36
Styrkja mannauðsmál og Akraneskaupstað sem vinnustað				13		13
Umhverfisvernd og loftslagsmál					7	7
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Aðgengi		3			17	20
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Almennt			1	0	7	8
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Búnaðarkaup		1			0	1
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Finna aðstöðu	1	0	2			3
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Jaðarsbakkar	0		14		0	14
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Leiksvæði					8	8
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Lýsing					5	5
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Mannvirki	4		2	3		9
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Miðbær	7					7
Uppbygging aðstöðu eða innviða - Sorplausnir					0	0
Utanumhald og miðlun upplýsinga	13	9	4	10	1	37
Samtals	46	64	57	61	71	299



Auk tillagna að verkefnum komu fram í hópavinnunni ábendingar varðandi orðalag stefnuáherslna og markmiða undir þeim. Hér er yfirlit yfir það:

Nr.	Stefnuáhersla	Athugasemdir eða ábendingar
1	Fjölbreytt atvinnulíf	Er það hlutverk bæjarins að standa að og örva... Sjá 3ja markmið stefnuáherslunnar?
2	Umhverfissátt	Hvað er að vera blómlegur?
3	Umhverfissátt	Ath.semd við markmiðb (3 markmið stefnuáherslu): Hvernig á að mæla þekkingu, hvað er framúrskarandi
4	Umhverfissátt	Hvað er græn hugsun?
5	Umhverfissátt	Hverjir eru "samfélag" - aðgerð sem snýr að hverjum hóp
6	Farsælt samfélag	Að öll geti notið sín í styðjandi samfélagi á öllum skeiðum lífsins
7	Farsælt samfélag	Hvernig þjónusta
8	Farsælt samfélag	Öllum bæjarbúum, ekki bara ungum og öldnum
9	Auðgandi mannlíf og menning	Tengja markmiðið við skólana og framhaldsskóla - tengja betur við þetta markmið
10	Auðgandi mannlíf og menning	"skapa aðstæður" - ath orðalag. Þarf kannski að bæta við þetta
11	Auðgandi mannlíf og menning	Ath. orðalag meða "að skapa aðstæður" ... Kannski of vítt
12	Fjölbreytt atvinnulíf	Að (sleppa: " standa að og ") örva uppbyggingu metnaðarfulltrar ferðaþjónustu á Akranesi
13	Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Fyrsta markmið: Að rekstur sé ávallt ábyrgur og stjórnun einkennist af framsækni, gagnsæi og metnaði.
14	Traustir innviðir og skilvirk þjónusta	Viðbótar markmið: Að gæta að jafnræði (hvernig tryggjum við það í vinnunni og að ná til ólíkra hópa)
15	Auðgandi mannlíf og menning	Aðstaða til viðburða nokkuð góð
16	Farsælt samfélag	Farsældin er á góðri vegferð
17	Farsælt samfélag	Aðstaða fyrir eldri borgara góð
18	Fjölbreytt atvinnulíf	Margt sem leiðir til þess að hér er ekki hótél